

FUNDARGERÐ

368. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 12. janúar 2016 kl. 15.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

1. Kjaramálin

Allt reynt fram á síðasta dag við að reyna að hafa áhrif á ráðherra/þingmenn niðurstaða í fjárlögum 9,7% frá áramótum. Mikil hiti er í umræðunni um kjör eldri borgara en beinar „kvartanir“ sem FEB hefur fengið eru í sjálfu sér fáar. Krafan er um leiðréttingu líkt og aðrir hópar eru fá. Full ástæða er til að tala um þær tölur sem birtast lífeyrispegum núna eftir áramót - er að koma í ljós hvað þetta er og hvernig hækkarnir einstkra liða koma út í útreikningi TR. Fundur hjá SES með fjármálaráðherra á morgun 13. jan. og er ætlun formanns og framkv.stjóra að mæta þar. Frekari umræða um lífeyri og tengda þætti.

2. Lagabreytingar

Formaður laganevndar Gunnar Eydal mætti á fundinn og mælti fyrir þeim breytingum sem nefndin leggur til. Í nefndinni sitja auk Gunnar, þau Grétar Þorsteinsson, Guðrún Árnadóttir og Snær Karlsson. Nefndin hafði það að leiðarljósi að taka á þeim atriðum sem talið er brýnt að breyta m.a. í samræmi við tíðaranda og í skjóli reynslunnar.

3. Næstu fundir

Næstu fundir, félagsfundur og aðalfundur

- aðalfundur 18. febrúar
- félagsfundur 21. janúar fundarefni - lagabreytingar og kynning byggingarframkvæmda

Nokkur umræða um fund vegna stöðu kjaramála.

Stjórnarfundur 2. eða 9. febrúar til frekari undirbúnings aðalfundar

4. Uppstillingarnefnd

Uppstillingarnefnd hefur skilað tillögum um menn til kjörs samkvæmt lögum félagsins.

5. Önnur mál

- Fjölmiðlagreining 2014 og 2015 – lausleg niðurstaða unnin af Fjölmiðlavaktinni

- **Fjölmiðlaárið 2015**

Alls var fjallað um Félag eldri borgara í 239 fréttum/greinum janúar desember 2015. Þar af voru 24 fréttir í sjónvarpi/útvarpi, 116 í prentmiðlum, 69 í netmiðlum og 30 í sérvefum.

Árið 2015 var Félag eldri borgara í 277. sæti yfir lögaðila í fjölda fréttu/greina.

□ Fjölmíðlaárið 2014

Alls var fjallað um Félag eldri borgara í 174 fréttum/greinum janúar desember 2014. Þar af voru 7 fréttir í sjónvarpi/útvarpi, 67 í prentmiðlum, 57 í netmiðlum og 43 í sérvefum.

Árið 2014 var Félag eldri borgara í 390. sæti yfir lögaðila í fjölda fréttu/greina.

□ Ályktun frá stjórn FEB - send fjölmíðlum og ráðamönnum strax að fundi loknum:

Mikið hefur verið rætt að undanförmu um að það skorti hjúkrunarrými fyrir eldra fólk, um að Landsspítalinn sé yfirfullur og að fjármuni vanti til að reka hjúkrunarheimili. Þessi umræða snýst öll um eldri kynslóðina, þá sem byggðu upp þetta samfélag. Flestir af þessari kynslóð hafa ákveðið að fylgja þeirri opinberu stefnu að fólk skuli búa heima eins lengi og kostur er. Gildi þess að búa heima sem lengst er mikið, en til þess að það sé unnt verður að tryggja að það sé mögulegt, þegar heilsan fer að bila. Að heimaþjónusta, heimahjúkrun, sjúkraþjálfun, dagþjálfun og hvíldarinnlagnir séu til staðar og virki, áður en að því kemur að fólk þarf að fara á hjúkrunarheimili. Ef þjónustan er ekki til staðar er stefnan um að búa heima sem lengst orðin tóm. Því miður eru brotalamir í þessu kerfi og úrræði vantar. Það er t.d. eins árs biðtími eftir dagþjálfun á Múlabæ. Hvíldarinnlagnir eru ekki nægjanlega margar og bið eftir þeim. Skortur á hjúkrunarheimilisrými er þó það sem kemur verst niður á elstu kynslóðinni, því rýmum í Reykjavík hefur ekki fjölgað árum saman. Mörg loforð hafa verið gefin en innistæða fyrir þeim er engin. Þeir sem eru komnir með færni- og heilsumat þurfa oft að bíða mánuðum saman sérstaklega ef fólk sækir um vistun á einum ákveðnum stað. Stjórn Félags eldri borgara skorar á stjórnvöld að standa við það sem stendur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar „Aldraðir skulu njóta öryggis og velferðar og öllum skal tryggð hlutdeild í þeirri verðmætasköpun sem Ísland og íslenska þjóðin gefur af sér“.

Samþykkt á stjórnarfundi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni 12. janúar 2016

Næsti fundur stjórnarinnar er boðaður í byrjun febrúar. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.40.